

23. nóvember 2012  
1210154

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Á fundi með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis 14. nóvember síðastliðinn gerðu sérfræðingar Seðlabanka Íslands á sviði fjármálainnviða/greiðslukerfa munnlegar athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp til laga um útgáfu og meðferð rafeyris (þskj. 224, 216. mál) ásamt fulltrúum Fjármálaeftirlits og Neytendastofu. Þess var óskað að athugasemdir bærust nefndinni jafnframt skriflega.

Rafræn greiðslumiðlun er flókið og tyrfið viðfangsefni, ekki síst frá lagalegu sjónarhorni. Almenn er auðvitað afar brýnt að vandað sé til verka við setningu löggjafar og innleiðingu EES-gerða, en slíkt er að mati Seðlabankans sérlega mikilvægt á málefnasviðum líkt og þessu þar sem þróun er stöðug og hröð. Bankinn vekur athygli á að það hefur aldrei verið auðveldara að veita greiðsluþjónustu og versla með rafeyri en nú, þ.m.t. yfir landamæri. Tölvur og tækni leika lykilhlutverk við framkvæmd rafrænnar greiðslumiðlunar og búast má við enn frekari þróun þjónustumöguleika. Loks verður að hafa í huga, í tengslum við þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins til innleiðingar EES-gerða, að evrópskur innri markaður á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar er orðinn að veruleika, með PSD og EMDII-tilskipununum, hvað sem líður tímabundnum höftum á frjálsum flæði fjármagns til og frá Íslandi.

Löggjafinn og stjórnvöld á hverjum tíma verða að vera á varðbergi og reyna til hins ítrasta að halda í við fyrirsjáanlega og óstöðvandi framþróun markaðarins, sem í kjölfar innleiðingar EMDII á öllu EES-svæðinu verður enn virkari en áður – ekki síst milli landa. Tryggja verður góðan skilning á þessum sérhæfða kjarna fjármálakerfisins hjá hinu opinbera líkt og starfandi aðilum á markaði. Vegferðin endar m.ö.o. ekki þegar og ef fyrirbyggjandi frumvarp til laga um útgáfu og meðferð rafeyris verður að lögum. Að mati Seðlabankans væri t.d. æskilegt að huga að nánari reglusetningu í settum lögum um tölvu- og greiðslukerfi eftirlitsskyldra aðila (þ.m.t. rafeyrisfyrirtækja, sbr. fyrirbyggjandi frumvarp).

Opinbert eftirlit með rafrænni greiðslumiðlun þarf að vera öflugt og ólíkir eftirlitsaðilar, innan og utan landsteinanna, þurfa að eiga náið samstarf sín á milli í þeim efnum. Aukin gróska í tæknilegum lausnum kallar á máttuga og enn fjölpættari yfirsýn eftirlitsaðila en hingað til.

Tryggja verður að samevrópskar reglur uppfylli ítrustu kröfur með tilliti til framkvæmdar eftirlits með fjármálastarfsemi, ekki síst þegar millilandastarfsemi er annars vegar. Í frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á nýlegum lögum um greiðsluþjónustu, nr. 120/2011, hvað þetta varðar - til samræmis við ákvæði væntanlegra laga um útgáfu og meðferð rafeyris. Reglur er varða millilandastarfsemi þurfa að miða að því að tryggja heilbrigði og gjaldfærni eftirlitsskyldra aðila, sporna gegn peningaþvætti og annarri skipulagðri glæpastarfsemi, vernda hagsmuni handhafa rafeyris og notenda greiðsluþjónustu, öryggi greiðslukerfa o.s.frv.

Með tilkomu rafeyrisfyrirtækja mun landslag rafrænnar greiðslumiðlunar breytast nokkuð, eins og rakið er í frumvarpinu. EES-reglur gera ekki ráð fyrir að rafeyrisfyrirtæki skv. EMDII teljist til mögulegra þátttakenda í greiðslukerfum skv. lögum nr. 90/1999 um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum og er það dæmi um „aðstöðumun“ slíkra fyrirtækja og fjármálafyrirtækja. Ljóst má vera að Seðlabankinn þarf að taka tillit til hinnar breyttu lagaumgjárdar, verði frumvarp þetta að lögum, í framkvæmd þjóðhagsvarúðareftirlits, gagnaöflun og rannsóknum á sviði tölfraði og fjármálastöðugleika, þ.m.t. að því er varðar öryggi fjármálainnviða/greiðslukerfa, svo heildstæð yfirsýn verði tryggð.

Með PSD og EMDII-tilskipununum hefur samræmdu og fyllra regluverki en hingað til verið komið á laggirnar á EES-svæðinu um rafræna greiðslumiðlun. Ekki verður þó hjá því komist að hafa í huga að markmið þessara EES-gerða um samkeppnisleg áhrif (þ.m.t. kostnaðarleg fyrir endanotendur) munu væntanlega ekki skila sér strax til markaðarins á Íslandi að fullu vegna gildandi gjaldeyrisreglna.

Fyrirliggjandi frumvarp á rætur að rekja til draga að frumvarpi sem hópi sérfræðinga (m.a. úr Seðlabankanum) var falið að semja fyrir ráðuneyti fjármálamarkaðar. Sem dæmi má nefna að nefndin tók ekki afstöðu til mögulegra viðurlaga við brotum gegn væntanlegum lögum. E.t.v. er þörf á að tengja einstök ákvæði í frumvarpinu enn betur við hugtakanotkun í lögum nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu (t.d. „greiðslumiðill“ í 25. gr. frumvarpsins, en það orð er ekki skilgreint í þessu frumvarpi).

Loks er vakin athygli á að í riti Seðlabankans Fjármálastöðugleiki nr. 1/2012 (viðauki 1, bls. 77-81) er fjallað um ný lög um greiðsluþjónustu og væntanlega innleiðingu EMDII.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

Guðmundur Kr. Tómasson  
framkvæmdastjóri